



Morgunblaðið/Björn Björnsson

Málin rædd

NOKKRIR þingfulltrúar ræða málin í afslöppuðu andrúmslofti.

Landsfundur Kvinnalistsans að Löngumýri í Skagafirði Atvinnu- og launamál kvenna sá málaflokkur sem hæst bar

Sauðárkróki.

Í SETNINGARRÆÐU sinni á Landsfundi Kvinnalistsans, sem haldinn var að Löngumýri í Skagafirði dagana 5. til 7. nóvember sl. sagði Anna Dóra Antonsdóttir „...að legðu þingkonur við hlustir heyrðu þær hér á Löngumýri þyt kvennasögunnar“ um leið og hún bauð þær velkomnar til þingstarfa og vísaði þar til skólans að Löngumýri, sem stofnaður var af konu og rekin af konum, var um árabíl einn fárra staða þar sem konur gátu sérstaklega sótt sér bótlega og verklega menntun og einnig þess að fyrstu formlegu samtök kvenna voru stofnuð í Skagafirði, ofarlega á síðustu öld. Þingfulltrúar voru 75 auk allmargra gesta sem sátu þingið, en sá málaflokkur sem hæst bar, og mest var fjallað um, voru launa- og atvinnumál kvenna.

Þingið hófst á föstudagskvöld, en þá var flutt skýrsla framkvæmdaráðs, og reikningar lagðir fram skýrðir og afgreiddir, og einnig var þá tilnefnt í starfshóp, vegna stjórn-málaályktunar landsfundarins.

Þá var einnig gengið frá laga og starfsreglnabreytingum, en þær fólust í því, að festa inni í lögum og skilgreina betur þá vinnureglu Kvinnalistsans að halda reglulega samráðsfundi allra „anganna“, það er hópa úr hverju kjördæmi með þingkonum, og þeim öðrum sem eru í forsvari fyrir Kvinnalistan. Að þessu loknu fjallaði María Jóhanna Lárusdóttir um Flökkusagnir um kvannahreyfingar.

Á laugardagsmorgni var fjallað um fjóra málaflokka, sjávarútvegs-, atvinnu- og ríkisfjármál og voru þeir í umsjá þingkvenna samtak-

anna, en um landbúnaðarmálin fjallaði Sólveig Stefánsdóttir bóndi að Miðsitju í Skagafirði.

Að loknum framsöguerindum var gengið til hópavinnu um málaflokkanana, en eftir hádegi fjölluðu þær Bryndís Hlökkversdóttir lögfræðingur ASÍ, Rannveig Sigurðardóttir hagfræðingur BSRB og Anna Hlín Bjarnadóttir þroskajálfi um kjarabaráttu kvenna, og þar virtist brenna heitast spurningin um það, hvort verkalýðshreyfingin væri nothæf fyrir konur og þá kjarabaráttu sem þær háðu, og sköpuðust um þetta miklar umræður.

Að afloknu kaffihléi var greint frá niðurstöðum starfshópanna og einnig voru kynnt drög að stjórn-málaályktun.

Þær Elín Antonsdóttir, Iðnþróunarfélagi Eyjafjarðar, og Helga

Erlingsdóttir frá félagi Handverkskvenna á milli heiða, ræddu um Nýsköpun og atvinnuáttaksverkefni kvenna á sunnudagsmorgni, og Ásgerður Pálsdóttir bóndi ræddi sameiningarmál sveitarfélaganna þau sem hæst ber nú um þessar mundir, en síðan var borin upp og afgreidd stjórn-málaályktun samtakanna.

Þingslit fóru svo fram rétt upp úr hádegi.

Framboð á flestum stöðum

Að sögn Ágústu Eiríksdóttur, fulltrúa Norðurlands vestra í Landsfundarnefnd, tókst þessi landsfundur með ágætum, og hefðu landsfundarfulltrúar átt mjög ánægjulega daga hér á Löngumýri, enda aðstaða öll til þinghaldsins með ágætum. Mikill baráttuhugur væri í kvinnalistasakonu, sagði Ágústa, stefnt væri að því að standa að framboðum listans á sem flestum stöðum í sveitastjórnarkosningum á komandi vori og þar sem þetta væri síðasti landsfundur fyrir þær kosningar, væri sú umræða og þær samþykktir sem hér væru gerðar, það veganesti sem frambjóðendur hefðu til þeirra átaka.

— BB.